

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 201/2023

2024/EES/35/12

frá 22. september 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1322 frá 25. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 að því er varðar skrár yfir afurðir úr dýraríkinu aukaafurðir úr dýrum og samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11bo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632) í hluta 1.1 í I. kafla:

„— **32022 R 1322:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1322 frá 25. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 200, 29.7.2022, bls. 25).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31qo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632) í II. kafla:

„— **32022 R 1322:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1322 frá 25. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 200, 29.7.2022, bls. 25).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 164o (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 1322:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1322 frá 25. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 200, 29.7.2022, bls. 25).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1322, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 200, 29.7.2022, bls. 25.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.